

VESTURBERG

Leikskólinn Vesturberg

Skólanámskrá

2015

VESTURBERG REYKJANESBÆ

Námskrá Vesturbergs

Inngangur.....	3
Vesturberg	4
Heimastofur	5
Kiddasalur	7
Stakkur	8
Pakkhús	9
Sólvellir.....	10
Gangur.....	12
Pennahópur.....	13
Nýsköpun/Þróunarstarf	13
Hljómsveit 2 og 3.....	14
Iða.....	14
Mat í leikskóla	15
Framtíðarsýn Vesturbergs/Reykjanesbæjar	15
Lokaorð	17

Inngangur

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011, ber hverjum leikskóla að semja skólanámskrá sem er leiðarvísir fyrir starfið í leikskólanum. Aðalnámskránni er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna og tryggir að börn landsins fái sömu áherslur í menntun í leikskólum landsins. Aðalnámskrá er leiðarljós leikskólastarfs á Íslandi.

Leikskólinn Vesturberg er lifandi vinnustaður sem sífellt er í þróun svo á einnig við um skólanámskrá leikskólans. Vesturberg byggir skólanámskrá á aðalnámskrá leikskóla ásamt því að taka mið af framtíðarsýn Reykjanesbæjar í menntamálum. Hvert svæði í Vesturbergi er skilgreint með þeim áhersluþáttum sem þar er að finna ásamt því að skilgreina hvar og hvernig grunnþættirnir koma fram á svæðinu. Að lokum kemur fram hlutverk kennara á svæðinu en við teljum mikilvægt að allir sem að hlut eiga að máli viti hvernig kennari á að koma fram á hverju svæði fyrir sig.

Námskrá Vesturbergs er tvískipt, annar hluti námskrár fá foreldrar við upphaf leikskólagöngu barns síns og er handbók fyrir foreldra. Hinn hluti er ítarlegri og dýpri þar sem grunnþættir aðalnámskrár er mátaðir inn í svæði leikskólans Vesturbergs. Fyrri hluti námskrárinnar hefur verið í notkun í nokkur ár með endurskoðun á ári hverju og er afhentur foreldrum við upphaf leikskólavalar barna þeirra. Síðari hluti námskrárinnar kemur út í fyrsta skipti í upphafi árs 2015.

Eins og lög gera ráð fyrir hefur starfsmannahópurinn unnið að námskrá þessari og samþykkt endanlega útgáfu og hafa verið notaðar ýmsar aðferðir við vinnuna en helsta aðferðin sem notuð var er „*heimskaffi aðferðin*“. Einnig hafa fulltrúar foreldra í foreldraráði Vesturbergs yfirfarið og samþykkt skjal þetta.

Í janúar 2015,

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri.

Vesturberg

-sagan

Stefna Vesturbergs hefur verið sú sama frá upphafi, svæðaskipting eða opinn leikskóli er leiðarljós leikskólans. Litið er á frjálsa leikinn sem rauða þráðinn í starfi skólans. Fyrirmynd leikskólans er dönsk og er upphafsmaður hennar Hulda Ólafsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri Vesturbergs. Vesturberg er aldursblandaður leikskóli þar sem börn frá tveggja til fimm ára eru saman á heimastofum.

-húsnæði

Vesturberg opnar, við Vesturbraut 13 í gömlu íbúðarhúsi þann 18. júní 1997 og var vígður 27. júní sama ár. Árið 2007 var hafist handa við byggingu nýs húss á lóð bakatil við Vesturbraut 15. Flutt var í nýtt og glæsilegt hús í júní 2008 og var formleg vígsla hússins þann 28. ágúst 2008. Í millitíðinni eða frá 6. nóvember 2006 var opnuð laus kennslustofa sem nefnd var Skálinn og rúmaði um það bil tuttugu börn. Skálinn og Vesturbraut 13 voru lögð niður sem húsnæði leikskólans þegar nýtt hús komst í gagnið. Húsnæði leikskólans er 757 fermetrar og skiptast í fjórar heimastofur þar sem börn frá tveggja til sex ára eru saman. Við flutning í nýtt hús voru heimastofur aldursskiptar en eftir rúmt ár var blöndun aldurs sett á þar sem aldursskipting samræmdist ekki hugmyndafræði Vesturbergs.

-lokanir

Reglulega er lokað yfir árið í Vesturbergi vegna skipulagsdags kennara. Yfir sumartímamann er lokað í fimm vikur vegna sumarleyfa starfsmanna. Tímabil sumarlokunnar er auglýst um leið og ákvörðun liggur fyrir hjá bæjaryfirvöldum. Lokað er á aðfangadag og gamlársdag.

-stöðuhlutfall og fjöldi barna

Í Vesturbergi eru að meðaltali 94-96 börn er dvelja samtímis. Áætlaður fjöldi starfsmanna fer eftir samsetningu barnahópsins með tilliti til sérþarfa og aldurs.

-heimasíða, mentor

Heimasíða er rekin af leikskólanum Vesturbergi og er slóðin www.vesturberg.is þar koma fram fréttir, matseðlar, yfirlit yfir kennara skólans, viðburðardagatal og myndabanki, ásamt fleiru sem við á. Vesturberg kaupir þjónustu af Mentor sem heldur utan um barnahópinn og nýtist bæði foreldrum og kennurum. Deildarstjórar senda reglulega tölvupóst til foreldra sem er ígildi fréttabréfa og er mentor kerfið nýtt til þess. Stofnuð var Facebook síða þar sem foreldrar og aðrir velunnarar geta „lækað“ við og fylgst með bæði atburðum og auglýsingum. Foreldrar hafa gefið leyfi um að í lagi er að birta myndir af börnum þeirra. Ekki verða birtar myndir af þeim börnum þar sem foreldrar samþykkja ekki.

- markmið náms í Vesturbergi

Allar rannsóknir á leiknum sem gerðar hafa verið undanfarin ár, sýna svo ekki verður um villst að börn verða að fá að leika sér. Það er í gegnum leikinn sem börnin læra, þroska og þjálfa hæfileika sína.

Þegar námsstefna Vesturbergs var ákveðin var virðing fyrir frjálsum sjálfsprottnum leik barna lögð til grundvallar í öllu námi leikskólans. Allt skipulag sem kæmi í veg fyrir að börnin næðu að lifa sig inn í leikinn skyldi vera í lágmarki. Auk þess var lagt upp með að trúá á barnið sem getumikinn einstakling, færan um að taka sjálfstæðar ákvarðanir og því ákveðið að börnin skyldu sjálf fá að ráða sem mestu um hvernig þau nýttu tíma sinn í leikskólanum. Þá var einnig höfð að leiðarljósi þörf barnanna fyrir ást,

öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna. Leikskólinn skyldi því vera öruggur, hlýlegur, skemmtilegur og örvandi vinnustaður sem vekti hjá börnunum gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og sjálfsmynd.

-sjálfsákvörðunarrétturinn

Í Vesturbergi er sjálfsákvörðunarréttur barna virtur. Við lítum svo á að sjálfsákvörðun felist í viljanum til að vera sjálfstæður, að geta staðið óháður öðrum börnum, umhverfi sínu og þeim fullorðnu. Við teljum að sjálfsákvörðun sé þróun sem stendur allt lífið. Hér í Vesturbergi viljum við ýta undir sjálfstæði barnanna, bæta sjálfsmynd þeirra og leyfa þeim að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera í leikskólanum. Þó að börnin ráðstafi tíma sínum sjálf í leikskólanum þá er þeim gert að fara eftir þeim reglum er ríkja í Vesturbergi.

-svæðaskipulagið

Vesturberg er opinn leikskóli þar sem rými barnanna er sameiginlegt. Leikskólanum hefur verið skipt upp í svæði frá upphafi. Svæðin hafa hvert um sig ákveðin uppeldisleg markmið. Börnin fara frjálst um húsið en starfsfólkið á fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Starfsfólk má ekki yfirgefa svæðið sitt nema að fá annan starfsmann til að leysa sig af, það ber ábyrgð á sinu svæði og enginn annar. Starfsfólkið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir börnin, lætur þau hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum, veitir hjálp sé um hana beðið en áherslan er á að hjálpa börnunum til sjálfshjálpar. Grunnþættir og námsþættir aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 er höfð til hliðsjónar á öllum svæðum leikskólans líkt og kemur fram hér að aftan. Á öllum svæðum Vesturbergs ber að örva málþroska til dæmis með því að telja, syngja, fara með þulur eða spjalla saman um lífið og tilveruna. Kennari skal ætíð koma fram af virðingu við börnin, hlusta af athygli og af áhuga á það sem þau segja. Ef kennari gerir eitthvað fyrir barn sem það gæti gert sjálft þá heldur hann aftur af þroska þess. Starfsfólki ber að vera góð fyrirmynd á svæðinu.

Markmið svæðaskipulagsins er m.a.:

- . Að sjá til þess að hver einstaklingur njóti sín á eigin forsendum.
- . Að sjá til þess að börnin fái frið í leik.
- . Að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafli barnanna.
- . Að skapa skilyrði til að börnin geti ræktað vináttu við önnur börn og við starfsfólk leikskólans.
- . Að hvetja börnin til að vinna saman.
- . Að auka einbeitingu barnanna með því að brjóta ekki í sífellu upp leik þeirra og starf með skipulagi sem þau fá engu ráðið um.

Heimastofur

Áhersluþættir

Á heimastofum búum við börnunum lærdómsríkt og skemmtilegt uppeldisumhverfi með því að líta á leikinn sem kjarna uppeldisstarfsins, virða hann og trufla hann ekki nema nauðsyn beri til.

Sjálfsákvörðunarréttur barnanna er virtur og þannig aukum við sjálfsvirðingu og trú þeirra á eigin getu.

Við stuðlum að því að börnin njóti sín, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu og trú. Við hvetjum börnin til sáttfýsi og samvinnu og eflum þannig skilning þeirra á jafnrétti og gildi vináttunnar. Við þjálfum athyglisgáfu barnanna og einbeitingarhæfni, við aukum orðaforða þeirra með því að lesa, ræða við þau og hvetja til frásagna. Svo má aldrei gleyma gleðinni, við tökum þátt í leik barnanna, hvetjum þau til söngs og göntumst og hlæjum saman.

Læsi

Mikil og góð málörvun fer fram inn á heimastofu. Þar eru matartímarnir vel nýttir til markvissrar málörvunar. Einnig eru samverustundirnar sem ganga eingöngu út á það að efla málþroska barnanna með ýmiskonar aðferðum. Læsisstengt efni er sýnilegt upp á veggjum, hvort sem það eru bókstafir eða tölustafir. Málörvun fer að miklu leyti fram í leikjum barnanna þar sem þau tala saman og leysa hin ýmsu mál. Mikið er lesið fyrir börnin og er það eitt það mikilvægasta til að auka orðaforða og málskilning barna.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér að nýta og kunna að nota það sem til er. Bera virðingu fyrir því sem til er og passa upp á það eins og t.d. það að fara vel með bækurnar, teikna framan á og aftan á blöðin, nýta litina þótt þér séu orðnir stubbar.

Lýðræði og mannréttindi

Börnin hafa alltaf val um það hvað þau vilja gera. Á hverri heimastofu fyrir sig er ýmislegt í boði og fara börnin á milli að vild. Börnin hafa rúman tíma til að koma í morgunmat og síðdegishressingu og setjast þau við borðið þegar þau eru tilbúin, því við viljum trufla leik þeirra sem minnst. Í samveru fer stundum fram lýðræðisleg kosning þar sem börnin fá t.d. að kjósa um hvaða bók verður lesin.

Jafnrétti

Öll börn hafa jafnan rétt til að njóta sömu kennslu í einu og öllu, óháð kyni, atgervi og aldri. Þau hafa jafnan aðgang að þeim efni sem til er og hlustað er á hugmyndir þeirra allra og skoðanir.

Heilbrigði og velferð

Börnin fá hollan og næringarríkan mat. Farið er eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar í mataræði og er lögð áhersla á útiveru og hreyfingu.

Sköpun

Inn á heimastofum fer mesta sköpunin fram í leiknum, hvort sem um er að ræða hlutverkaleik eða kubbaleik þar sem hugmyndir og upplifanir barnanna endurspeglast í leik þeirra. Fínhreyfingar þjálfar þau svo með því að skapa með leir, perlum og með blöðum og litum. Í sköpun á heimastofum má vel sjá að læsi og stærðfræði eru ríkjandi.

Hlutverk kennara á heimastofum

- Kennarar á heimastofum ákveða hvað er í boði hverju sinni inni á heimastofunni.

- Við fylgjumst vel með leik barnanna og erum ávallt reiðubúin til þess að taka þátt í leiknum á þeirra forsendum.
- Sjáum til þess að góður leikur sé ekki truflaður.
- Leggjum áherslu á að lesa fyrir börnin og að bækur séu aðgengilegar fyrir þau, ef bækur eru laskaðar þá þarf að taka þær til hliðar og gera við þær.
- Sjáum til þess að vel sé gengið um svæðið og að því sé skilað hreinu í vikulok
- Venja börnin á að ganga frá eftir sig.

Kiddasalur

Áhersluþættir í Kiddasal

Kiddasalur er heilsueflandi svæði sem hvetur börn til hreyfingar. Áhersla er lögð á að börnin öðlist jákvæða sjálfsmynd með því að sigrast á krefjandi þrautum og verkefnum. Efla skal hreyfiþroska, hreyfigetu, snerpu og þol með skemmtilegum leikjum, kjarkæfingum, þrautabrautum og fleiru sem börnunum þykir áhugavert. Leggja skal áherslu á að börnin læri að slaka á eftir æfingar til dæmis með jóga eða annarri slökun. Börnin læra að þekkja eigin líkama og ná betur stjórn á hreyfingum sínum. Markmið er að stuðla að heilbrigðum þroska og sterkri sjálfsmynd barna með fjölbreyttum leiðum sem krefjast einbeitingar og færni. Hvetja börnin til að taka þátt í leikjum og bjóða upp á líflegt, krefjandi en öruggt umhverfi. Í Kiddasal skal ríkja gleði, vinátta og frelsi.

Kiddasalur þjónar líka menningarlegu hlutverki í Vesturbergi. Þar fara flest allar hátíðir leikskólans fram eins og þorablót, jólaböll, kvikmyndasýningar og fleira. Þar geta börnin líka æft sig í að koma fram á sviði. Má þar setja upp leikrit, tónleika eða annað sem börnin vilja.

Læsi

Veggir nýttir fyrir læsishvetjandi efni eins og til dæmis stafi, tölustafi, myndir og form. Nota algeng merki til að koma reglum á framfæri, eins og til dæmis stopp merki þegar fleiri börn komast ekki í salinn.

Sjálfbærni

Með því að stuðla að andlegu jafnvægi og heilbrigðum lífstíl er líklegt að börnin tileinki sér góðar venjur og hugsi vel um umhverfi sitt og samfélag.

Lýðræði og mannréttindi

Börnin velja að taka þátt í hreyfingu sem vekur áhuga þeirra. Þau hafa oft mikið um það að segja hvað boðið er upp á í hvert skipti. Ákvörðun þeirra um þátttöku er virt.

Jafnrétti

Börnin hafa öll jafnan aðgang að Kiddasal. Þau fá tækifæri til að láta ljós sitt skína á því sviði sem þau langar hvort heldur sem um ræðir leiklist, hreyfingu eða annað. Börnin fá tíma til að æfa sig í því sem þau þurfa og vilja.

Heilbrigði og velferð

Með því að hafa Kiddasal opinn daglega aukum við líkurnar á því að öll börn stundi hreyfingu. Aukin hreyfing stuðlar svo að heilbrigðari lífstíl til framtíðar, andlega, líkamlega og félagslega.

Sköpun

Sköpunargleði barnanna fær að njóta sín í leiksýningum, tónleikum, söngleikjum og fleiru. Börnin fá bæði að njóta sín sem einstaklingur og sem hluti af heild. Þau tjá sig í einskærri gleði og hamingju

Hlutverk kennara í Kiddasal

- Kiddasalur er opið svæði sem ávallt er í boði fyrir börnin
- Kennari skal ávallt vera góð fyrirmynd fyrir börnin og undirbúa sig vel
- Stuðla að góðri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu
- Skapa hreyfihvetjandi umhverfi með aðgengi að fjölbreyttu leikefni
- Hvetja börnin til þátttöku
- Sjá til þess að öll börn finni verkefni við sitt hæfi og sína getu
- Nýta þau tækifæri sem gefast til að auka áhuga barnanna á hreyfingu
- Fylgjast með stöðu hvers barns og nota til þess skráningar
- Gæta fyllsta öryggis í öllu sem fram fer á svæðinu

Stakkur

Áhersluþættir

Að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram í vísindum og stærðfræði. Að gera vísindi og stærðfræði aðlaðandi og áhugaverða þætti fyrir barnið. Að tölur verði aðgengilegar fyrir börnin með leikjum sem hæfa aldri og getu barnanna. Hafa einfaldar vísindatilaunir í boði þar sem börnin fá að spreyta sig ásamt stærðfræðitengdum þrautum og verkefnum. Áhersla á að opna Stakk við fyrsta mögulega tækifæri.

Læsi

Að búa börnunum læsishvetjandi umhverfi þar sem áhersla er á stærðfræði og vísindalegan efnivið. Að nýta tölvu til að efla stafa þekkingu, til dæmis með *Lærum og leikum með hljóðin*.

Sjálfbærni

Að börnin kynnist samfélagslegri hugmyndafræði þar sem vísindi og stærðfræði eru aðaláherslu þættir svæðisins. Að sjálfbærni í þeirri mynd að börnin velji sjálf verkefni og læri að bíða þar til röðin kemur að þeim. Að sjálfbær þróun verði þannig á svæðinu að börnin skiptist á að prófa sig áfram í þeim verkefnum sem í boði eru í Stakk.

Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgara sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Forsendan í Stakk er nákvæmlega þessi, að fá börnin til að taka þátt á ábyrgan hátt með virkni og meðvitund í vísinda og stærðfræðilegum verkefnum sem í boði eru. Með sjálfsákvörðunarrétti upplifa börnin lýðræði á jafnréttislegum grundvelli.

Jafnrétti

Í Stakk er jafnrétti mikilvægt líkt og á öllum svæðum í Vesturbergi. Sjálfsákvörðunarréttur barna er virtur og með því hafa allir jafnan rétt á að kynnst þeim verkefnum sem þar fara fram. Með sjálfsákvörðunarrétt upplifa börnin jafnrétti á lýðræðislegum grundvelli.

Heilbrigði og velferð

Að bjóða upp á vandaðan og fjölbreyttan efnivið sem stuðlað getur að heilbrigði og velferð.

Sköpun

Að bjóða upp á skapandi efnivið sem leitast við að örva börnin í formi fjölbreyttra vísinda og stærðfærði.

Hlutverk kennara í Stakk

- Vera tilbúin með verkefni –annað hvort vísinda eða stærðfræðitengd.
- Sjá til þess að verkefni séu við hæfi aldurs hvers barns
- Fylgjast með að öll börn séu jöfn og að lýðræði sé til staðar á svæðinu
- Sjá til þess að börnin gangi frá eftir verkefni dagsins
- Sjá til þess að fjöldi barna fari ekki fram úr hófi

Pakkhús

Áhersluþættir

Börnin fá tækifæri til að njóta listsköpunar á sýnum forsendum, með því eykst sjálfstraust barnanna. Í Pakkhúsinu fær sköpunarhæfni/gleði barnanna að njóta sín og börnin fá að meðhöndla ýmis áhöld og ólíkan efnivið. Eitt af markmiðum Pakkhússins er að vekja áhuga barnanna á umhverfi og náttúru.

Mikilvægt er að láta viðurkennandi viðmót vera ráðandi á svæðinu og gera aldrei lítið úr börnunum eða verkum þeirra ásamt því að sjá til þess að myndsköpuninni fylgi gleði og ánægja. Mikilvægt er að kennari fylgist vel með þroska barnanna og skrá niður athuganir ef kostur er. Mikilvægur þáttur er að örva hugmyndaflug barnanna og skapandi tjáningu ásamt að stuðla að því að börnin temji sér góða umgengni. Hvetja þarf börnin til sáttfýsi og samvinnu.

Læsi

Kennari þarf að hlusta á börnin, hugmyndir þeirra og veita þeim frelsi til að skapa.

Sjálfbærni

Endurnýttur efniviður, í Pakkhúsinu er hægt að sjá sjálfbærni afar skýrt og greinilega til dæmis í endurnýttum efnivið.

Lýðræði og mannréttindi

Frjálst aðgengi að efnivið og þar er sjálfsákvörðunarréttur barnsins virtur.

Jafnrétti

Allir hafa jafnan rétt til að skapa á sínum forsendum. Með sköpun má ýta undir jafnrétti kynja eða annarra þjóðfélagshópa.

Heilbrigði og velferð

Vistvænn efniviður. Börnin fá tækifæri til að skapa og njóta hæfileika sinna. Með sköpun má stuðla að heilbrigðara lífi og hvetja til virkrar þátttöku í mótun samfélagsins.

Sköpun

Börnin þurfa á listum og menningu að halda til að spegla sig í og átta sig á sjálfum sér til að skilja hvort annað betur.

Hlutverk kennara í Pakkhúsi

- Í Pakkhúsinu er mikilvægt að muna að það er ferlið sem skiptir máli en ekki afraksturinn.
- Hafa röð og reglu í hillum og skápum.
- Markmið svæðisins er að barnið nái tókum á ákveðinni færni í fínhreyfingum, kunni litina, þekki formin, kunni að klippa og fleira.
- Kennarinn þarf að vera vel undirbúinn og hafa skýr markmið með vinnunni á svæðinu.
- Hafa efnivið fjölbreyttan og aðgengilegan.
- Merkja vel verk barnanna og ganga frá þeim í skúffur
- Skrá athuganir ef við á

Sólvellir

Áhersluþættir

Á útisvæði viljum við sjá til þess að börnin fái útrás fyrir hreyfiþörf sína, með því að hvetja þau til að hreyfa sig. Við viljum stuðla að vellíðan og öryggi þeirra þar sem þau geta leikið sér frjáls og frumkvæði þeirra er virkt. Við þurfum að vera vakandi fyrir tækifærum sem upp koma á útisvæði og geta kveikt umræður og sett í gang sköpunarferli hjá börnunum. Einnig má ekki gleyma gömlu góðu hóp- og hreyfileikjunum og hvetja þannig til vináttu, samkenndar og samvinnu milli barnanna.

Börnin eru hvött til að sýna hvert öðru og öllu lífi virðingu, umhyggju og umburðarlyndi. Allt líf er mikilvægt.

Læsi

Útisvæði er tilvalinn vettvangur fyrir markvissa málörvun, hvort sem börnin eru að leik í rólunum, í sandkassanum eða að hjóla saman. T.d. þá er mikið sungið á rólusvæðinu og þar er tilvalið að kenna þeim vísur og þulur. Gott er að setja orð á hluti eins og t.d. viltu rétta mér litlu rauðu skófluna og bæta þannig inn í orðaforða barnanna.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér að virða það sem er til staðar t.d. grasið, ormana og trén. Allt hefur þetta tilgang og nauðsynlegt hvert fyrir annað og ber okkur að kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir þessu. Heilmikið nám fer fram á útisvæði þar sem útiloftið er nægjanlegt og ótakmarkað.

Lýðræði og mannréttindi

Það eru sjálfsögð mannréttindi á Íslandi að fá að fara út að leika sér á hverjum degi. Rýmið á útisvæði er stórt og hefur því upp á margt að bjóða. Þegar á útisvæði er komið þá gera börnin það sem þau vilja hverju sinni svo lengi sem það er hægt. Til að mynda þá er takmarkað til af hjólum og rólum og þurfa þau þá stundum að bíða eða finna sér eitthvað annað að gera.

Jafnrétti

Á útisvæði hafa allir jafnan rétt á að gera það sem þeir vilja svo lengi sem þeim stafar ekki hættu af. Til að mynda tileinkum við okkur að hafa útiskúrinn opinn og fá börnin að sækja sér sjálf þau leikföng sem þau vilja. Á útisvæði sem og annars staðar eru börnin hvött til að leika saman og skilja ekki útundan.

Heilbrigði og velferð

Við vitum að útivera er öllum holl og hafa því öll börn gott af því að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag. Allir hafa gott af því að reyna á sig og stuðlum við að því á útisvæði ásamt því að læra að varast hættur í umhverfinu.

Sköpun

Ýmiskonar sköpun fer fram á útisvæði og getur hún verið árstíðarbundin. Til að mynda er margt hægt að skapa með sandi, mold og vatni og geta börnin gleymt sér tímunum saman bara með það að hafa rennandi vatn. Snjórinn á veturna bíður upp á ýmsa sköpun og á sumrin er hægt að smíða, mála og kríta svo fátt eitt sé nefnt.

Hlutverk kennara á Sólvöllum

- Kennara ber að fara yfir útisvæði áður en börnin koma út, týna rusl af lóð og athuga hvort óæskileg úrgangsefni séu í sandkössum.
- Opna skal útiskúr og aðstoða börn við að ná í það sem þau óska eftir.
- Staðsetja sig þar sem yfirsýn á útisvæði er best og vera hreyfanlegur.
- Sjá um að garður og geymsla séu snyrtileg.
- Flokka frá biluð eða ónýt leikföng, laga þau eða henda.
- Vera vakandi yfir slysgildrum. Fara yfir leiktæki og koma upplýsingum til leikskólastjóra sé eitthvað athugavert.
- Bjóða upp á ýmsan efnivið s.s. rennandi vatn og smíðar.
- Muna leik og leikgleði, vera áhugasöm og hvetjandi á útisvæði
- Kennari ber ábyrgð á því að hlið sé ávallt lokað á meðan börn eru á útisvæði.

Gangur

Áhersluþættir

Að börnin læri að finna sér verkefni. Að lesa fyrir börnin í sófum sem staðsettir eru á gangi. Að börnin öðlist færni í notkun á stafrænum samskiptatækjum. Að börnin læri að nýta alnetið til að afla sér upplýsinga. Spyrja börnin hvað þau vilji gera og hjálpa þeim að taka ákvörðun, setja sér markmið og framfylgja þeim. Þjóða upp á fjölbreytt verkefni í spjaldtölvum. Að börnin verði fær um að taka eigin ákvarðanir og framkvæma í takt við þær. Að börnin nái færni í stafrænu læsi.

Læsi

Myndir, stafir, tölur, form og merki á gólfum, veggjum og allstaðar. Bækur lesnar og sögur sagðar. Börnin hafa aðgang að spjaldtölvum þar sem þau læra að nota og nýta sér tölvu og nettækni (stafrænt læsi).

Sjálfbærni

Að stuðla að því að börnin velji sér svæði og taki þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum

Lýðræði og mannréttindi

Börnin velja sér sjálf verkefni á eigin forsendum.

Jafnrétti

Öll börnin mega fara á ganginn og fá sjálf að velja sér verkefni eftir áhugasviði og þroskast á eigin forsendum.

Heilbrigði og velferð

Börnin æfa sig í að taka ákvörðun, setja sér markmið og framfylgja þeim.

Sköpun

Verk barnanna eru til sýnis á ganginum. Börnin nota spjaldtölvur til að teikna og búa til ýmiskonar verk.

Hlutverk kennara á Gangi

- Hvetja börn til ákvarðanatöku
- Lesa fyrir börnin eða segja þeim sögu
- Sjá til þess að börnin séu ekki verkefnalaus
- Gefa börnum tækifæri til að nýta sér tölvutækni nútímans
- Stuðla að góðri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu
- Sjá til þess að öll börn finni verkefni við sitt hæfi og sína getu
- Fylgjast með stöðu hvers barns
- Gæta fyllsta öryggis í öllu sem fram fer á svæðinu
- Kennarinn skal ávalt vera góð fyrirmynd fyrir börnin og undirbúa sig vel

Pennahópur

Í Pennahóp eru elstu nemendur Vesturbergs, þau koma saman fjórum sinnum í viku og æfa ýmislegt tengt læsi, stærðfræði, sköpun, samvinnu og fleira. Meðal annars er haft að leiðarljósi að efla sjálfsmynd barnanna, virðingu fyrir fjölmennigalegu samfélagi og umhverfi með lýðræðislegum hætti.

Markmið

Í Pennahóp er lögð áhersla á læsi og stærðfræði en einnig á sköpun, hreyfingu og samvinnu. Einnig er markmið að æfa hópinn fyrir komandi grunnskólagöngu og gera þau öruggari fyrir þær breytingar sem framundan eru. Markmiðið er að barnið sé læst á sjálft sig og fari öruggara á næsta skólastig.

Leiðir

Við upphaf vikunnar eru lagðir inn bókstafir sem unnið er með þá vikuna. Kennsluáferð Helgu Sigurjónsdóttur er notuð við innlögnina. Auk þess er unnið markvisst með stærðfræði verkefni meðal annars með bókinni *Kátt er í kynjadal*. Vettvangsferðir er farnar að minnsta kosti einu sinni í viku með áherslu á bókstaf vikunnar auk stærðfræðinnar. Ýmis efniviður er nýttur í vinnunni og má nefni *Lubbi finnur málbeinið* og *Numicon*-kubbar. Megin áhersla er lögð á læsi og stærðfræði í vinnu með Pennahóp.

Sköpun er stór þáttur í vinnu Pennahóps og eru mörg listaverkin sem líta dagsins ljós í þeirra höndum með margvíslegum efnivið. Við innlögn bókstafsins er dregið til stafs og fá meðlimir Pennahópsins næg tækifæri til að æfa sig.

Mikilvægi hreyfingar er í hávegum höfð og er iðkuð hreyfing reglulega bæði innanhúss og utan.

Nýsköpun/Þróunarstarf

Hljómsveitin

Í Hljómsveitinni eru börnin í næst elsta árgangi leikskólans. Hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Ýmist er farið í vettvangsferð til dæmis í bókasafnið eða unnið að verkefnum tengdum málörvun. Mikið er unnið út frá barninu sjálfu, heimilisfangi, afmæli og þessháttar.

Markmið

Að efla málþroska barnanna. Auka færni þeirra að vinna í hóp í ákveðin tíma. Undirbúa börnin fyrir komandi verkefni í Pennahóp.

Leiðir

Farið er með hópinn á bókasafnið eða aðra markverða staði. Lesið fyrir börnin og þau vinna ýmiskonar verkefni. Börnin segja frá eigin reynslu. Kennarar kynna stafina og hvernig þeir hljóða, hvernig þeir líta út og hvernig dregið er til stafs.

Við leikum okkur með málið okkar.

Til dæmis er stuðst við námsefnið Markviss málörvun, Lærum og leikum með hljóðin eftir Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing, Lubbi sem finnur málbeinið er einnig reglulegur gestur og fleira en aðaláhersla er lögð á lestur og umræður tengda honum. Haustið 2014 var Orðaspjall innleitt sem er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri.

Hljómsveit 2 og 3

Í Hljómsveit 2 og 3 eru börn af erlendu bergi brotin, þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í Hljómsveit 2 eru börn sem eru á næst síðasta ári en í Hljómsveit 3 eru erlend börn sem eru í Pennahóp.

Markmið

Aðalmarkmiðið í Hljómsveit 2 og 3 er að efla íslenska orðaforðann og auka færni í að geta tjáð sig á íslenskri tungu.

Leiðir

Hóparnir hittast tvisvar sinnum í viku, þar sem áhersla er lögð á að auka orðaforða á íslensku. Lögð er áhersla á að efla íslensku hjá börnunum. Orðaspjallsaðferðin er notuð en mikil áhersla er á bækur.

Iða

Er tilkomin vegna nýrra áherslna í Aðalnámskrá og Framtíðarsýn Reykjanesbæjar og leysir af hólmi hópasamveru og íþróttir. Iða er afsprengi Hringekju sem víða er í grunnskólum. Í Iðu eru svæði þar sem börnin fara á og vinna ákveðin verkefni tengd svæðunum.

Markmið

Er að efla og dýpka þá þætti sem í boði eru og auka og efla þekkingu barnanna á þeim sviðum sem þau sækja í .

Leiðir

Kennari er með fyrirfram ákveðið svæði og býður þar upp á verkefni sem hæfa börnunum. Börnin hafa lýðræðislegt val um hvaða verkefni þau sækja. Skráning á hverju svæði er mikilvæg. Með Iðu hafa börnin tækifæri á að dýpka sig á þeim þáttum sem í boði eru.

Eftirfarandi svæði eru í boði:

- Læsi
- Stærðfræði
- Vísindi
- Vettvangsferðir
- Sköpun
- Hreyfing
- Jóga

Mat í leikskóla

Innra mat

Í Vesturbergi er innra mati háttað með nokkrum leiðum. Það mat er snýr að foreldrum er annars vegar foreldraviðtöl sem tekin eru tvisvar yfir árið í október og í lok apríl. Hins vegar er sameiginleg könnun er gerð er af Skólapúls fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar og er framkvæmd annað hvert ár. Í Vesturbergi er einnig símat, á hverju svæði er merkt við hvaða börn eru stödd þar á þrjátíu mínútna fresti. Reglulega ræða kennarar hvert barn og það tekið saman á hvaða svæði það fer í leikskólanum með því er hægt að meta áhugasvið barnsins og áherslur þess í leikskólastarfinu. Aðrar aðferðir eru nýttar til að skrá og meta börnin eins og til dæmis með ljósmyndaskráningum, rituðum skráningum og myndbandsupptökum.

Það mat er snýr að starfsmannahópnum er í formi starfsmannasamtala og hafa þau farið fram tvisvar á ári undanfarin ár og hefur verið í höndum leikskólalögum. Frá og með hausti 2014 eru deildarstjórar sem framkvæma starfsmannasamtöl við starfsfólk á sínum heimastofum. Ráðgert er að framkvæma könnun á árinu 2015 er snýr að starfsmönnum leikskóla Reykjanesbæjar og gerð er af Skólapúls. Að vori er svo endurmat þar sem starfsfólk metur starf vetrarins og bendir á leiðir sem betur má fara.

Ytra mat

Fram kemur í aðalnámskrá að „*sú nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitastjórnar skal hafa eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Þetta á bæði við um þá leikskóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Nefndin ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar t.d. um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólafundum sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á“.*

Eins og sjá má er það í höndum sveitarstjórnar að framkvæma ytra mat og það er svo Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með að sveitarfélög landsins fari eftir þeim lögum, reglugerðum og námskrá sem eiga við um leikskóla.

Framtíðarsýn Vesturbergs/Reykjanesbæjar

Læsi og stærðfræði eru áhersluþættir í framtíðarsýn Vesturbergs. Í upphafi árs 2012 voru sett af stað tvö teymi er snúa að annars vegar læsi og hins vegar stærðfræði. Teymin nefnast Málfríður og Stórfríður og eru þrjú kennarar í hvoru teymi og er markmið með þeim að halda utan um það efni, upplýsingar, námskeið og þess háttar er snýr að læsi eða stærðfræði. Allir kennarar hússins hafa aðgang að öllu því efni sem til er en kennarar teymanna miðla til annarra kennara á starfsmannafundum. Sú reynsla sem komin er, er afar jákvæð og teljum við að teymis vinnan sé komin til að vera. Aðaláhersla verður lögð á læsi og stærðfræði í hóp elstu barnanna og er stöðug þróunarvinna og endurmat í þeim hópi. Málfríður

Námskrá Vesturbergs

og Stórfriður leggja línurnar fyrir hvern mánuð sem dæmi má nefna að í september eru bókstafirnir í, s, i og o lagðir inn í mánuðinum en í stærðfærðinni eru hugtökin stór og lítill lögð inn.

Undanfarin ár hefur einn bókstafur verið lagður inn í hverri viku eftir aðferðum Helgu Sigurjónsdóttur og síðan unnið með hann á ýmsan veg. Námsefnið um Lubba sem finnur málbeinið er notað auk sköpunar og ýmissa annarra leiða. Með því að kynna ákveðna bókstafi á viku vonumst við til að dýpka þekkingu barnsins til muna og að það nái til yngri barna leikskólans.

Sögurnar um *Bínu bálreiðu* sem Ásthildur Bj. Snorradóttir hefur samið eru notaðar markvisst og kemur Bína í heimsókn á heimastofur einu sinni í viku í brúðulíki og fer yfir góð boðskipti.

Áhersla er lögð á stærðfræði þar sem hugtök eru lögð inn eins og stór/lítill, breiður/mjór og unnið með í mánuð í senn auk þess er lögð áhersla á almennan talnaskilning.

Lokaorð

Líkt og lög gera ráð fyrir er skólanámskrá það plagg sem gert er grein fyrir því starfi sem fram fer inni í leikskólum landsins. Hlutverk námskrárinnar er að upplýsa foreldra og hlutaðeigandi aðila um það starf sem fram fer í leikskólanum Vesturbergi. Hlutverk námskrárinnar er einnig að vera vinnutæki og leiðarvísir fyrir kennara skólans.

Skólanámskrá Vesturbergs er lifandi plagg sem reglulega er farið yfir.

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri.

Samþykkt af foreldraráði Vesturbergs,

febrúar, 2015
